

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri á Íslandi sökum matarskorts.**

1869.  
29. maí.

Útaf því, að undanfarin ár hefir hvað eptir annað í ýmsum héraðum á Íslandi verið svo mikil ekla á matvælum, að það hefir verið hætt við hallæri og orðið að gjöra sérstaklegar ráðstafanir gegn slíkri hættu, eruð þér bednir, herra stiptamtmaður, að taka til fhugunar, og ef yður svo sýnist, sem konungsfulltrúi á alþingi, er nú fer í hönd, að veita þinginu færi á að ræða og láta uppi álit sitt um það atriði, hverjar ráðstafanir geti orðið gjörðar til þess að komast hjá framvegis, að slík neyð beri að höndum.

**53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.**

31. maí.

Í tilskipun 15. desembermán. 1865 7. grein er svo mælt fyrir, að hið lögboðna árgjald af sumum brauðum á Íslandi til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum skuli sent biskupi, og að því skuli skipt niður á sýnóðus fundi á ári hverju, en áður fyrri var höfð sú aðferð með árgjaldið, að upphæðum þeim, sem komu úr hvoru af stiptunum, sem áður voru, Skálholts stipti og Hóla stipti, var ekki slengt saman, heldur hafðar hvor útaf fyrir sig, og útbýtt eingöngu meðal uppgjafaprestanna og prestsekknanna í því stiptinu, sem hvor um sig hafði goldið úr. Þar að auki var höfð sín aðferðin í hvoru stiptinu við útbýtinguna, því að fyrir Skálholts stipti fór hún fram á sýnóðus fundi, en fyrir Hóla stipti skipti biskupinn árgjaldinu niður eptir uppástungum hlutaðeigandi héraðsprófasta, og þannig, að, þegar enginn fátækur uppgjafaprestur var til í tæðu stipti, var árgjaldinu, er galzt úr því, safnað í sjóð, er